

Meningarráð Norðurlands vestra

Föstudaginn 15. júní kl 13:00 í fundarsal ráðhúss á Sauðárkróki

Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen, Magnea K. Guðmundsdóttir, Björn Magnússon var í símasambandi frá kl 13:30 til 14:00 og Jón Óskar Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður, Guðrún Helgadóttir setti fund og stjórnaði.

1. **Meningarsamningur Norðurlands vestra** Samningurinn lagður fram til kynningar.
2. **Samstarfssamningur sveitarfélaga um menningarmál:** Fram komu athugasemdir frá Skagabyggð og Sveitarfélaginu Skagafirði varðandi ákvæði um kostnaðarskiptingu sveitarfélagana. Við 5. grein samningsins bætist eftirfarandi. *”skipting þeirra framlaga sem sveitarfélögin leggi sameiginlega til samningsins, það er, verkefnastyrkir og rekstarkostnaður, verði miðuð við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið áður”* Ráðið samþykkir breytinguna. GH ræddi stöðu menningarsjóða sveitarfélagana gangvart menningarsamningi. AHB spurðist fyrir um stöðu menningartengdrar ferðaþjónustu innan samstarfssamnings sveitarfélagana.
3. **Úthlutunarreglur:** Lagðar fram tillögur frá fráfarandi menningarráði frá árinu 2005. Ráðið samþykkir lítilsháttar breytingar á orðalagi. Samþykkt að úthluta menningarstyrkjum tvisvar á ári og umsóknum skal skilað fyrir 15. mars og 15. september ár hvert.
4. **Samþykktir fyrir menningarráðið:** Samþykkt með lítilsháttar breytingum á orðalagi
5. **Starfsmannamál og umsjón samningsins:** Formaður fór yfir tillögur að starfslýsingu væntanlegs starfsmanns. Gert er ráð fyrir að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf. PJ telur 50% starf ekki nægjanlegt og telur starfið það umfangsmikið að 100% stafshlutfall sé vænlegra. AHB, GH, og BM ræddu kosti og galla 50% stafshlutfalls samanborið við 100% með tilliti til annarar fjáröflunar og annarra verkefna. Ráðið samþykkir að fela formanni og framkvæmdastjóra að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf á grundvelli framlagðra gagna.
6. **Önnur mál.**
 - I. Formaður lagði fram tillögu að samkeppni um merki menningarmála. Ráðið felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna málið frekar.
 - II. AHB ræddi siðareglur menningarráðs. Ráðið er sammála um að menningarráð setji sér siðareglur. Formanni falið að afla upplýsinga um siðareglur annarra menningarráða.
 - III. Rætt um möguleika á því að fá Signýu Ormarsdóttur á fund menningarráðs

Ákveðið að næsti fundur verði 23. júlí í Húnaþingi vestra.

Jón Óskar Pétursson, fundarritari.